

## PÁSKALEYFI

Föstudagurinn 26. mars er síðasti  
kennsludagur fyrir páska.

Kennsla hefst aftur skv. stundaskrá  
miðvikudaginn 7. apríl.



Myndir frá íþróttadegi

## Olweusardagur

Fyrirhugað er að halda Olweusardag hátíðlegan í Árskóla föstudaginn 16. apríl. Hefðbundið skólustarf verður þá brotið upp og nemendur og starfsfólk munu vinna saman að ýmiss konar verkefnum sem stuðla að góðum samskiptum og skólabrag. Í ár ætlum við að leggja áherslu á svokallaða vinabekki. Nemendum verður skipt í hópa þannig að tveir árgangar vinna saman að verkefnum. Hugmyndin er að þróa samstarf vinabekkjanna enn frekar á næsta skólaári. Þá verði stuðlað að því

að nemendur í vinabekkjum eigi samverustundir bæði í leik og starfi reglulega yfir skólaárið. Með þessu móti viljum við efla samkennd og samvinnu nemenda skólans og stuðla að góðum skólabrag þar sem einkunnarorð skólans LIFA-LEIKA-LÆRA verða í hávegum höfð. Eftirfarandi árgangar munu vinna saman:

- 1. og 6. bekkur
- 2. og 7. bekkur
- 3. og 8. bekkur
- 4. og 9. bekkur
- 5. og 10. bekkur



# Árskólafréttir

Mars 2010

## Lína langsokkur



10. bekkur Árskóla frumsýndi fimmtudaginn 18. mars barnleikritið Línu langsokk eftir Astrid Lindgren í leikstjórn Guðbrandar Ægis Ásbjörns-sonar. Allir nemendur 10. bekkjar koma að sýningunni, sumir sem leikarar, aðrir með hlutverk á bakvið tjöldin, s.s. sviðsmenn, smiðir, miðasölufólk, nokkrir



sjá um förðun, leikmuni, búninga og hárgreiðslu eða sinna tæknimálum og sjá um ljós og hljóð. Allur ágóði af sýningunum rennur í ferðasjóð 10. bekkjanna, en stefnt er á Danmerkur- og Svíþjóðarferð í vor.

## Erlend samskipti

Vinna við Comeníusarverkefni í 9. bekk stendur nú yfir. Verið er að skoða og meta efni frá samstarfsskólum okkar í Danmörku, Englandi og Skotlandi. Í maí munu síðan sex nemendur Árskóla halda utan og heimsækja bresku skólana og þá mun verkefninu ljúka.

Von er á dönskum nemendum frá Ejby skólanum í Køge í heimsókn í lok maí. 8. bekkjarnir hafa verið í tölvu-samskiptum og kennarar danska skólans kíktu í heimsókn nú í mars. Nánar verður farið yfir dagskrá þessarar heimsóknar með nemendum og foreldrum þeirra þegar nær dregur.

## Fréttir af unglingastigi

Árhátíð unglingastigs var haldin í byrjun desember. Þar fóru 8. og 9. bekkingar á kostum í fjölbreyttum atriðum sem mörg hver tengdust jólnum með einhverjum hætti. Vinna við vordagskrá nemenda á unglingastigi stendur nú yfir. Allir bekkir fara í vorferð. 9. bekkingar munu fara til höfuðborgarinnar í leikhúsfarð þann 7. maí. Þeir munu sjá leikritið *Gauragang* en nemendur lásu bókina fyrr í vetur. 10. bekkingar setja stefnuna á Danmörku þann 17. maí og 8. bekkingar fara í dagsferð í lok maí. Nýtt kennsluefni í lífsleikni „Félagar“ var tekið inn í 9. og 10. bekk eftir jól. Með kennslunni er stefnt að því að nemendur læri að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annarra. Þetta kennsluefni er hluti af vinaverkefninu. Á bóndadegi þann 22. janúar héldu

nemendur þorrablot sitt. 8. bekkingar fluttu minni karla og kvenna og sungin voru þorralög.

Nokkrar kannanir hafa verið lagðar fyrir nemendur unglingastigs, s.s. lífsstílskönnun sem Rannsókn og greining stóð fyrir og áhugasviðskönnun fyrir 10. bekkinga. Þann 10. mars fóru 10. bekkingar í heimsókn í FNV og kynntu sér skólastarfið þar.

Nemendur úr Árskóla enduðu í 4. sæti í Norðurlandsriðli í Skólahreysti. Þeir sem kepptu fyrir skólans hönd voru: Elísabet Haraldsdóttir 10. NG, Þóra Karen Ágústsdóttir 10. NG, Hólmar Daði Skúlason 9. EJ og Óli Björn Pétursson 8. KM.



Lovísa Helga Jónsdóttir Grunnskólanum austan Vatna og í 3. sæti var Bjarni Hörður Halldórsson Varmahlíðarskóla. Sérstök aukaverðlaun hlaut Fjölhnir Brynjarsson Varmahlíðarskóla.

## Upplestrarkeppni 7. bekkjar

7. bekkingar héldu undankeppni *Stóru upplestrarkeppninnar* um miðjan febrúar. Þar voru valdir fjórir nemendur til að keppa fyrir hönd skólans á úrslitavöldi sem fram fór þann 16. mars sl. Á lokavöldinu urðu úrslitin þau að í 1. sæti var Daníel Logi Þorsteinsson Árskóla, í 2. sæti var

## Árshátíðir á miðstigi

Árshátíðir nemenda á miðstigi eru nýafstaðnar en þær hófust með tveimur sýningum 4. bekkja í Bifröst fimmtudaginn 4. mars. Þar gat að líta leikritin *Glæpurinn* og *Fólkið í blokkinni* og var frítt á sýningarnar sem einkum voru ætlaðar fjölskyldum nemenda. Vikuna á eftir fylgdu 5. - 7. bekkir í kjölfarið með tveggja daga árshátíð. Þemað þeirra var *regnboginn* og voru tvær sýningar hvorn dag fyrir fullu húsi. Ágóði af þeim rann í ferðasjóð 7.

bekkjar.

Nemendur í 7. bekk hafa unnið að fjáröflun í vetur fyrir ferðasjóð sinn. Um þessar mundir eru þeir í óða önn að leggja drög að skólablaði sínu, *Skólatralli*, sem kemur út á vordögum.



## Árshátíðir yngsta stigs

Nemendur yngsta stigs héldu árshátíðir sínar í Bifröst nú í byrjun mánaðarins og tókust þær með miklum ágætum.

skólastarfinu. Aðsókn var mjög góð og léku nemendur fyrir fullum sal á öllum sýningum í Bifröst.

1. bekkur sýndi að venju Ávaxtakörfuna og hefur sú hefð gefið góða raun. Ákveðið var að koma á sams konar hefð í 2. og 3. bekk og fyrir valinu urðu leikverkin *Dýrin* í Hálsaskógi og *Kardemommubærinn* eftir hinn kunna höfund Thorbjörn Egner. 2. bekkur sýndi *Dýrin* í Hálsaskógi og 3. bekkur *Kardemommubæinn*, að sjálfsögðu í styttri útfærslu sem hentar ungum og upprennandi leikurum.

Öll þessi leikverk eiga það sammerkt að bera með sér góðan boðskap sem aldrei fellur úr gildi og henta því vel í

